

Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs, þriðjudaginn 11. febrúar 2020.

Fundurinn var 17. fundur á starfsárinu og fundur nr. 2920 frá upphafi. Fundurinn var haldinn á Café Catalínu, kl. 17:30 og var í umsjá starfsþjónustunefndar, formaður Bergþór Halldórsson. 22 félagar voru mættir sem gerir 81% mætingarhlutfall.

Gestir voru tveir, Rótarýmennirnir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur og Þórarinn Þórarinsson.

Ingólfur Antonsson tæknifræðingur flutti 3ja mínútna erindi um hvað hefði drifið á daga hans, m.a. sagði hann frá heimsóknum sínum á Landspítalann vegna blóðtappa, byggingarmálum á hans sviði en einnig ýmsum verkefnum fyrir samtök aldraðra, s.s. eftirliti með framkvæmdum. 60 íbúðir eru í byggingu á Kennaraháskólareitnum og eru íbúðirnar seldar á kostnaðarverði.

Bergþór Halldórsson kynnti Einar Sveinbjörnsson, féлага í Rótarýklúbbnum Görðum og aðalræðumann fundarins. Fyrirhugað hafði verið að Einar talaði 10. desember á 14. fundi klúbbsins en sá fundur féll niður vegna veðurs.

Heiti erindis Einars var „Loftlagsmál – er eitthvað hægt að gera?“ Hitastig hefur verið breytilegt á jörðinni, háð braut jarðar um sólina en einnig möndulhalla jarðar. Þekkt tímabil eru ísöldin fyrir 15-18 þús. árum síðan og birkiskeiðið fyrir 5-6 þús. árum. Geislun sólar var þá um 5% meiri en nú er og jöklar hörfuðu. Veðurfar kólnaði mikið á og eftir Sturlungaöld. Eldgos og hlýir hafstraumar gáfu sig og jöklar stækkuðu. Breiðamerkursandur var varla til 1895. Nú er hlýnunarkeið en norður Atlandsstraumurinn hægir á hlýnuninni. Afleiðing á Íslandi er sú að jöklar hopa, fleiri góðir sumardagar, mildari norðanátt, hærri sjávarstaða, fleiri flækingsfuglar, makrill og suðrænir furðufiskar.

Besta sumarið á síðustu öld á Íslandi var árið 1939. Gríðarlega mikill ís bráðnaði á árunum 1920 til 2015. Eftir það tók að hægja á bráðnun íss. Ísbreiðan við Grænland var minnst árið 2012. Austur Grænlandsstraumurinn hefur áhrif og ístotan við austur Grænland er alltaf að minnka.

Loðnan er dæmi um breytingar í hafinu og er nú í miklu minna mæli en áður var. Fæðusvæði hennar er fyrir norðan land. Eftir 2002 og 2003 hafði unglóðnan ekki orku til að ganga austur fyrir land. Úthafs-rækjan hvarf. Ungþorskur (3-5 ára) þarf loðnu og rækju til að stækka en eldri árgangar þorsks éta allt sem að kjafti kemur.

Í hafinu bindast $\frac{3}{4}$ koltvísýrings úr andrúmsloftinu. Vaxandi koltvísýringur er teikn um minni vöxt sem hefur efnahagslegar afleiðingar. Mælingar á magni koltvísýrings í andrúmsloftinu hafa farið fram á Hawaieyju frá árinu 1957. Aukning losunar er um 3% á ári miðað við Kyoto samkomulagið árið 1997. Hlýnunin er af mannavöldum. James Hanson hjá Nasa lagði til kolefnisskatt, 32\$ á tonn CO2 fyrir árið 2022 sem yrði endurgreiddur mánaðarlega til almennings. Hann rökstuddi að 60% almennings myndi græða á því. Mótvægisáðgerðir eru skógrækt m.a. á Hellisheiði með ræktun á um allt að 250 plöntur á hektara.

Til máls tóku: Werner Rasmusson, Kristófer Þorleifsson, Friðbert Pálsson og Karl M. Kristjánsson.

Fleira var ekki gert, farið var með fjórprófið og forseti sleit fundi kl. 19:00.